

**Ed.**

## **624. Frumvarp**

til laga um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **I. Almenn ákvæði.**

#### **1. gr.**

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigjendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábyli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvila, en um meðferð og skil á ábýlinu fer eftir ábúðarlögunum.

#### **2. gr.**

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukningu á embættisstörfunum, sem siðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt um það áskilið í veitingarbrjefum þeirra.

#### **3. gr.**

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá,  $\frac{1}{4}$  af þeim samanlögðum.

#### **4. gr.**

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

#### **5. gr.**

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr rikissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launupphæð, sem hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

7. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameiningar, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á jafnóðum og embættin losna.

8. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kys embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sin eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju.

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, en samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talin til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá timi, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, lækna sem aukalækna og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

## II. Launaákvæði.

### 9. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagstofunni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir  $\frac{1}{5}\%$  af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í rikissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifarar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

### 10. gr.

Dómstjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettardómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

### 11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Sýslumennirnir í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu hafa að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4800 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr rikissjóði, og ákveður dóms-

málaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

#### 12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr. Enn fremur hefir landlæknir 1000 kr. í ritfje.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grimsness, Mýrdals, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þingeyrar, Patreksfjarðar, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar og Skipaskagahjeruðum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Hornafjarðar, Berufjarðar, Fljótsdals, Pistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hróarstungu, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bildudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólabjeruðum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500.

Núverandi aðstoðarlæknir á Ísafirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

#### 13. gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn meðan sú skipun helst um forstöðu holdsveikrahælisins, sem nú er. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

#### 14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

#### 15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en

launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

#### 16. gr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Simaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraíbúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunum ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímamann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Simritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks simritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlinumiðstöðvar, kvensimritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlinumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímamann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsimakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

#### 17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

#### 18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

#### 19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

#### 20. gr.

Fiskiýfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskiýfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskiýfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

#### 21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

#### 22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr. Auk þess hefir hann í ritfje 1000 kr. á ári.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr. þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar visitasiulaunum, eins og verið hefir.

#### 23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

#### 24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

#### 25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennarskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

#### 26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

#### 27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embætti-

inu að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

#### 28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

#### 29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólastjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Reki skólastjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

#### 30. gr.

Forstöðumaður málleysingjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

#### 31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

#### 32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækka á sama hátt upp í 3500 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækkandi á sama hátt upp í 3500 kr.



Þjóðmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhlöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

### 33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum frá 1. okt. 1914. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (islenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis). Verðið skal tilfært eins og það er í 4 aðalkaupstöðum landsins að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýsingar um verð á þessum vörum í 4 aðalkaupstöðum landsins haustið 1914. Skal hækka það um 25%, og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð. Síðan skal með visitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vörutegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvisitölu sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vörutegundum í einu lagi. Þegar finna á allsherjarvisitöluna, er visitölum hinna einstöku vara veitt mismunandi gildi, visitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og visitölunum fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer, Samtölunni af visitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjarvisitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlagsskrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919.

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundradstölu af  $\frac{2}{3}$  launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og allsherjarvisitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá hálfa launauppbót.

### 34. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr. 24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjéraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 46, s. d., um laun sóknarpresta, og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög, úr gildi numin.

### 35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.